

16. gr.
Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 38. gr. laga nr. 143/1996 um fjarskipti.

17. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 6. apríl 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Skútustaðahrepp árið 1998.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1998, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A. *Íbúðir.*

Sorphirðugjald kr. 5.000 á íbúð.

B. *Fyrirtæki.*

Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.
a)	5.000
b)	15.000
c)	30.000
d)	60.000
e)	120.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að gilda árið 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 7. apríl 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.